

**Sp.**

**226. Skýrslur**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ frá 1. jan. 1929 til 31. des. 1930.

**T e k j u r :**

1. Eign í árslok 1928:

a. Bankavaxtabréf .....	kr. 4000.00
b. Veðskuldabréf .....	— 3600.00
c. Í Landsbankanum .....	— 13693.84
	————— kr. 21293.84

**2. Vextir:**

a. Af bankavaxtabréfum .....	kr.	337.50	
b. Af veðskuldabréfum .....	—	314.67	
c. Af fé í Landsbankanum .....	—	732.58	
			— 1384.75
			-----
			kr. 22678.59

**Gjöld:**

**1. Verðlaun greidd:**

a. Páll Eggert Ólason prófessor .....	kr.	1000.00	
b. Magnús Jónsson prof. theol. ....	—	350.00	
c. Hið islenzka fornritafélag .....	—	500.00	
			-----
			kr. 1850.00

2. Auglýsingakostnaður .....

— 56.25

**3. Eignir í árslok 1930:**

a. Bankavaxtabréf .....	kr.	3000.00	
b. Veðskuldabréf .....	—	2000.00	
c. Lán Laugarvatnsskóla .....	—	10000.00	
d. Í Landsbankanum .....	—	5772.34	
			-----
			— 20772.34
			-----
			kr. 22678.59

kr. 22678.59

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. marz 1931.

F.h.r.

G. Sveinbjörnsson.

B.

**Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.**

Hinn 10. janúar 1930 gaf nefndin út auglýsingu um að þeir, er til verðlauna hygðu, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir lok ársins 1930.

Við lok þessa frests hafði nefndinni borizt ein ritgerð í 2 bindum, er nefndist: Saga Oddastaðar, og var merkt \* \* †. Um ritgerð þessa var samþykkt svofelld ályktun á fundi nefndarinnar 27. jan. 1931.

„Enda þótt ritgerð þessari sé mjög áfátt í ýmsum efnum, dómar höfundar um menn og málefni margir séu ósanngjarnir og beri oft vott um lítinn sögulegan skilning, ýmsar sögulegar villur séu í ritgerðinni og heimildir eigi notaðar til hlitar, þá telur nefndin samt rétt að sæma hana 250 kr. verðlaunum, með því að hún ber vott um mikla elju höfundar og áhuga hans á sögulegum fræðum, og höfundur hefir dregið fram í henni allmikinn fróðleik úr óprentuðum heimildum“.

Höfundur ritgerðar þessarar reyndist að vera Vigfús Guðmundsson, Lauf-  
ásvegi 43, Reykjavík.

Á sama fundi nefndarinnar var enn fremur samþykkt að veita Sögufélag-  
inu 1600 kr. af fé sjóðsins til að halda áfram útgáfu Búalaga.

Reykjavík, 7. febr. 1931.

Hannes Þorsteinsson,    Sigurður Nordal,    Ólafur Lárusson.

Til Alþingis.